FRÉTTATILKYNNING Til birtingar strax · 14. nóvember 2026

# Von sem nær langt út fyrir tónleikasalinn: Marianna Shirinyan heldur góðgerðartónleika í Salnum

*Hinn heimsþekkti armenski píanóleikari, Marianna Shirinyan kemur fram ásamt Hlín Leifsdóttur sópransöngkonu og Kvennakór Reykjavíkur fimmtudaginn 19. nóvember. Allur ágóði rennur til áfallahjálpar fyrir stríðshrjáð börn í Armeníu, Úkraínu og Írak.*



*Marianna Shirinyan, píanóleikari. Mynd: © Nikolaj Lund*

**Armenski píanóleikarinn Marianna Shirinyan, prófessor í píanóleik við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn, heldur góðgerðartónleika í Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 19. nóvember kl. 19.30. Með henni koma fram sópransöngkonan Hlín Leifsdóttir og Kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Ágotu Joó. Kynnir kvöldsins er Birgir Þórarinsson, fyrrverandi alþingismaður.**

Allur ágóði tónleikanna rennur til RESET-verkefnis dönsku hjálparsamtakanna Mission10forty, sem veitir börnum áfallahjálp eftir stríð og flótta.

## Börnin sem tónleikarnir eru haldnir fyrir

Í september 2023 voru síðustu 120.000 kristnu Armenarnir hraktir frá Nagorno-Karabakh eftir meira en 1700 ára búsetu þar. Umheimurinn leit undan. Margar fjölskyldur búa enn við hjálparleysi og skort sem flóttafólk.

Birgir Þórarinsson hefur um árabil látið sig málefni þessa fólks varða. Árið 2020, á meðan stríðið geisaði, heimsótti hann Nagorno-Karabakh, þá alþingismaður, og síðan hefur hann unnið ötullega að því að styðja Armenana sem hraktir voru á flótta.

Í júní á þessu ári fór Birgir með Mission10forty til Íraks. Þar tók hann þátt í ráðstefnu í Bagdad og heimsótti síðan kristnar og jasídískar fjölskyldur á Níníve-sléttunni og í flóttamannabúðum í norðurhluta Íraks – fólk sem enn ber djúp sár eftir ógnarstjórn Íslamska ríkisins.

Í fyrra hélt Mission10forty styrktartónleika á Íslandi og safnaði fyrir vetraraðstoð. Þá fengu 220 flóttafjölskyldur í Armeníu eldivið, hlý föt og stígvél fyrir börnin til að mæta vetri með allt að 30 stiga frosti.

## Hvert ágóðinn fer

Í ár rennur ágóðinn til RESET-verkefnisins, sem sálfræðingurinn Kirsten Callesen, einn stofnenda Mission10forty, hefur þróað. Í gegnum RESET eru sálfræðingar, félagsráðgjafar, talmeinafræðingar og annað fagfólk úr hópi heimamanna þjálfað í að hjálpa börnum með stríðsáföll – og það kennir síðan öðrum. Þannig margfaldast hjálpin.

Um 280 fagaðilar í Armeníu og Úkraínu hafa nú hlotið þjálfun. Hjálpi hver þeirra 25 börnum á ári geta um 7.000 börn fengið hjálp á hverju ári. Undirbúningur er hafinn að sambærilegu starfi í Írak.

Eitt þeirra barna sem notið hafa RESET er hin tíu ára gamla Zaruhi. Hún hefur tvisvar þurft að flýja heimili sitt, árið 2020 og aftur 2023, og býr nú sem flóttamaður í Armeníu ásamt fjölskyldu sinni. Nú brosir hún á ný.



*Zaruhi, 10 ára, hefur tvisvar þurft að flýja heimili sitt – árið 2020 og aftur 2023. Í gegnum RESET hefur hún fengið stuðning til að vinna úr áföllunum. Nú brosir hún á ný.*

## Flytjendur og efnisskrá



*Hlín Leifsdóttir, sópran*



*Kvennakór Reykjavíkur*



*Kim Hartzner, Mission10forty*

Marianna Shirinyan er fædd í Armeníu og hefur komið fram á helstu tónleikasviðum Evrópu. Hún er prófessor í píanóleik við Konunglega danska tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn.

Hlín Leifsdóttir sópransöngkona er sérstakur gestur Mariönnu. Þetta eru fyrstu opinberu tónleikar Hlínar eftir að hún kom heim frá Grikklandi, sem hún hefur gist undanfarin ár og getið sér gott orð fyrir söng sinn og ljóðlist.

Kvennakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Ágotu Joó við undirleik Aladárs Rácz. Kórinn flytur verk eftir Sigfús Einarsson og Jón Ásgeirsson og kórútsetningu á laginu *Must Be Love* eftir Laufeyju Lín.

Armensk tónlist skipar sérstakan sess á efnisskránni, með verkum eftir Komitas Vardapet og Arno Babajanyan. Einnig verða flutt verk eftir Johann Sebastian Bach, Franz Schubert, Frédéric Chopin og Sergei Rachmaninov. Tónleikunum lýkur á *Friði á jörðu* eftir Árna Thorsteinsson í flutningi allra flytjenda.

## Það sem þau segja

**Kirsten Callesen, sálfræðingur og höfundur RESET, nýkomin heim frá Úkraínu:**

> *„Ég hef kennt RESET í fimm daga ásamt úkraínsku fagfólki sem starfar alla daga með fólki sem glímir við afleiðingar stríðsins. Þegar kennslunni lýkur fara margir þátttakendanna heim til Kyiv, Kharkiv, Kherson og Mykolajiv, þar sem stríðið er samofið daglegu lífi – á meðan ég get farið heim í frið og öryggi Danmerkur. Þetta fólk hefur ekki misst kjarkinn til að takast á við erfiðleikana. En þau ráða ekki við þetta ein.“*

**Kim Hartzner, læknir, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Mission10forty:**

> *„Árið 1992 hóf ég hjálparstarf í Armeníu og í dag hafa yfir 100.000 manns fengið aðstoð til betra lífs. Í september 2023 varð ég skelfingu lostinn þegar vestræni heimurinn leit undan aðgerðarlaus á meðan 120.000 kristnir Armenar voru reknir út af heimilum sínum.“*

**Birgir Þórarinsson, fyrrverandi alþingismaður og guðfræðingur, í ræðu sinni í Bagdad:**

> *„Ég kem frá Íslandi, sem nú er talið friðsælasta land í heimi. En þótt við komum frá friðsælum stað megum við ekki loka augunum fyrir þjáningum annarra. Þvert á móti leggur það okkur enn ríkari ábyrgð á herðar að hlusta og bregðast við.“*

## Hagnýtar upplýsingar

- **Hvað:** Góðgerðartónleikar með Mariönnu Shirinyan, Hlín Leifsdóttur og Kvennakór Reykjavíkur
- **Hvenær:** Fimmtudaginn 19. nóvember 2026 kl. 19.30

- **Hvar:** Salurinn, Hamraborg 6, 200 Kópavogi
- **Miðaverð:** 5.000 kr.
- **Miðasala:** salurinn.kopavogur.is og tix.is
- **Kynnir:** Birgir Þórarinsson, fv. alþingismaður
- **Ágóði:** Rennur óskiptur til RESET-verkefnis Mission10forty

## Um Mission10forty

Mission10forty eru alþjóðleg hjálparsamtök með aðsetur í Danmörku sem hjálpa börnum og ungmennum í neyð í Afríku, Mið-Austurlöndum og Asíu. Læknirinn Kim Hartzner hóf hjálparstarf í Armeníu árið 1992. Í dag styðja samtökin meðal annars börn og fjölskyldur í Vardenis í Armeníu og starfa að RESET-verkefninu í Armeníu, Úkraínu og Írak. Kjörorð samtakanna er: *Við hjálpum þeim sem enginn annar hjálpar*.

## Nánari upplýsingar og myndir

**Kim Hartzner, læknir og framkvæmdastjóri Mission10forty**
Sími: +45 30 70 02 49 · Netfang: info@mission10forty.org
mission10forty.org · facebook.com/mission10forty

Ljósmyndir af Mariönnu Shirinyan (© Nikolaj Lund), Hlín Leifsdóttur og Kvennakór Reykjavíkur fást sendar sé þess óskað.

###